

Námsgrein: Þemakennsla

2. bekkur

Umsjónarkennarar: Eyrún Ýr Tryggvadóttir og Hilda Rós Pálsdóttir

Kennsluáðferðir og skipulag: Námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, náttúru- og samfélagsfræði eru kenndar í samþættum þemaverkefnum í gegnum aðferðir byrjendalæsis. Mikið er lagt upp úr yndislestri nemenda sem og upplestri í skólanum og heima. Lestur og læsi í víðum skilningi fléttast inn í alla vinnu nemenda. Unnið er markvisst með hópefli og samskipti jafnt og þétt yfir veturinn auk þess að leggja sérstaka áherslu á slíkt í einstökum þemaverkefnum.

Námsefni: Unnið er í Sprotu og Stærðfræðispæjum auk þemaverkefna. Töluvert er unnið með verklega stærðfræði. Aðgengi að viðeigandi námsgögnum er gott og mikið lagt upp úr því að hver og einn finni sínar leiðir til náms.

Námsmat: Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn með fjölbreyttum hætti.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Lestur og læsi í víðum skilningi fléttast inn í alla vinnu nemenda. Þeir lesa og túlka texta, myndir og tákni og tjá sig á fjölbreyttan hátt með aðferðum Byrjendalæsis.
Sjálfbærni	Nemendur læra að bera virðingu fyrir náttúru og samfélagi í nærumhverfi sínu.
Heilbrigði og velferð	Heilbrigði og vellíðan eru höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Nemendur fá tækifæri til hreyfingar, félagsleiks og þjálfast í að hlúa að eigin velferð.
Lýðræði og mannréttindi	Jákvæður agi byggir á virðingu, samvinnu og samræðum. Nemendur fá að taka ákvarðanir saman og læra að allir hafi rétt til þátttöku og virðingar.
Jafnrétti	Allir nemendur hafa jafna möguleika til náms og þátttöku. Fjölbreytileiki og styrkleikar hvers og eins eru metnir að verðleikum.
Sköpun	Nemendur fá að tjá sig á skapandi hátt í listum, leik og verkefnavinnu. Þeir þjálfast í myndunarafl og fá að þróa hugmyndir sínar í hvetjandi umhverfi.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil	Þema og námsefni	Námsgreinar og markmið
september	Sjálfmyndin og líkaminn <i>Halló heimur</i> Kafli 3: Sjálfmyndin Kafli 9: Mannslíkaminn <i>Vertu þú</i> Höf: Ingileif Friðriksdóttir og María Rut Kristinsdóttir Áhersla á jákvæðan aga	Íslenska - Skrifar skýrt og læsilega. Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur kynnst uppbyggingu mannslíkamans og þekkir helstu líkamsparta. - Hefur fengið fræðslu um fjölbreytileika fólks.
september	Tölur <i>Sproti 2a</i> Kafli 1: Tölurnar 0-20 Kafli 2: Samlagning og frádráttur með tölum upp í 20. <i>Stærðfræðispæjarar sem uppbótarefni.</i>	Stærðfræði - Snýr tölustöfunum rétt. - Þekkir talnarunur og nágrannatölur. - Getur skrifað tölurnar 0-100. - Getur lesið tölurnar 0-100. - Getur raðað tölum í stærðarröð á bilinu 0-100.
október	Fjallaverkefni <i>Komdu og skoðaðu fjöllin</i> <i>Fjölbreytt efni um íslensk fjöll, af vef og úr bókum</i>	Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur kynnst þekktustu fjöllum á Íslandi og unnið með þau. - Hefur fengið fræðslu um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi. Íslenska - Getur samið texta frá eigin brjósti. - Notar há- og lágstafi á réttan hátt í ritun.
október	Rúmfræði, - form <i>Sproti 2b</i> Kafli 8: Samhverfa Kafli 13: Marghyrningar og hringir <i>Stærðfræðispæjarar 1</i> Kafli 2: Rúmfræði, form	Stærðfræði - Getur flokkað algengustu tvívíðu formin. - Getur speglað um speglunarás.

nóvember	Sígild ævintýri Ýmis sígild ævintýri Verkefni úr Jákvæðum aga	Íslenska • Getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum á fjölbreyttan hátt. • Talar skýrt og áheyrilega. • Getur unnið með hugtökin persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur. • Getur unnið með sagnorð. • Getur unnið með samsett orð. Jákvæður agi • Sýnir tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. • Sýnir tillitssemi og umhyggju í leik og starfi
nóvember	Reikningur 1 <i>Sproti 2a</i> Kafli 5: Tölur upp í 100	Stærðfræði • Vinnur með öðrum. • Nýtir sér viðeigandi hjálpargögn. • Getur lagt saman tveggja stafa tölur. • Getur fundið týndan þátt í samlagningu. • Þekkir hugtökin eining, tugur og hundrað og getur unnið með þau. • Getur dregið frá tveggja stafa tölur. • Getur talið fram og aftur 0-100. • Getur talið frá mismunandi upphafi.
desember	Jólin <i>Jólaölög</i> <i>Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum</i> <i>Regnboginn, jólin</i>	Náttúru- og samfélagsgreinar • Hefur kynnst merkingu og siðum aðventunnar. • Hefur kynnst sögunni um fæðingu Jesúbarnsins. Íslenska • Getur unnið með stafrófsröð. • Þekkir rím og getur notað það í leikjum. • Getur unnið með samsett orð
desember	Stærðfræði – upprifjun og klára	Upprifjun

janúar	Helgi skoðar heiminn <i>Helgi skoðar heiminn</i> Höf: Njörður P. Njarðvík	Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur kynnst gerð og mótun íslensks samfélags fyrir og nú Íslenska - Skrifar skýrt og læsilega. - Notar bil á milli orða. - Getur fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim.
janúar	Fjölbreytt stærðfræði <i>Sproti 2b</i> Kafli 11: Flatarmál <i>Reikningsbók</i> Uppsett dæmi	Stærðfræði 2. bekkur - Gerir endurtekin mynstur. - Getur fundið flatarmál með því að telja reiti. - Getur lagt saman tveggja stafa tölur.
febrúar	Íslensk málfræði <i>Ritrún</i> <i>Byrjendalæsisefni frá kennara</i> <i>Sögubækur</i> Verkefni úr jákvæðum aga	Íslenska - Getur unnið með samheiti og andheiti. - Getur unnið með nafnorð. - Getur unnið með sérhljóða og samhljóða. Jákvæður agi - Sýnir tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. - Sýnir tillitssemi og umhyggju í leik og starfi
febrúar	Reikningur 2 <i>Sproti 2b</i> Kafli 9: Tvöfalt meira og helmingi minna – sléttar tölur og oddatölur Kafli 10: Reikningur með tölum upp í 100.	Stærðfræði - Vinnur með öðrum. - Nýtir sér viðeigandi hjálpargögn. - Getur lagt saman tveggja stafa tölur. - Getur tvöfaldað og helmingað tölur. - Þekkir hugtökin eining, tugur og hundrað og getur unnið með þau. - Getur dregið frá tveggja stafa tölur. - Getur talið fram og aftur 0-100. - Getur talið frá mismunandi upphafi.

febrúar - mars	Ritun og stafsetning Tóta og tíminn Höf: Bergljót Arnalds. Sögubækur og ýmis verkefni	Íslenska • Getur samið texta frá eigin brjósti. • Notar há- og lágstafi á réttan hátt í ritun. • Skrifar skýrt og læsilega. • Notar bil á milli orða.
febrúar - mars	Tíminn <i>Sproti 2a</i> Kafli 7: Tíminn	Stærfræði • Þekkir heilu tímana á skífuklukku. • Þekkir hálfu tímana á skífuklukku. • Þekkir árstíðirnar. • Þekkir mánuðina og röð þeirra. • Þekkir vikudagana og röð þeirra. • Getur skráð í og lesið úr súluritum.
mars	Páskar og trúarbragðafræði <i>Regnboginn, páskar</i> <i>Trúarbrögðin okkar</i> <i>Halló heimur</i> Kafli 7: Trú	Náttúru- og samfélagsgreinar • Hefur kynnst atburðum dymbilviku og páska. • Hefur kynnst sögunni um krossfestingu og upprisu Jesú. • Hefur kynnst ólíkum siðum og venjum trúarbragðanna. Íslenska • Getur fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim.
mars	Mælingar <i>Sproti 2a</i> Kafli 4: Lengdarmælingar	Íslenska • Getur unnið með samheiti og andheiti. Stærðfræði • Getur mælt með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum.

apríl	Heimabyggðin okkar frá landnámi Fjölbreytt efni frá kennara og gönguferðir um bæinn.	Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur kynnst sögu heimabyggðar frá landnámi. - Hefur kynnst þróun byggðar frá landnámi. - Hefur kynnst landnotkun í heimabyggð og þróun hennar frá upphafi. Íslenska - Getur unnið með sagnorð. - Getur unnið með samsett orð.
maí	Náttúran okkar – lífverur	Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur kynnst lífverum í náttúrulegu umhverfi. - Hefur kynnst einkennum lifandi vera. - Hefur kynnst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu. - Hefur kynnst fæðukeðjum. Íslenska - Getur raðað orðum í stafrófsröð. - Skrifar skýrt og læsilega.
maí	Tölfræði og hnitakerfi <i>Sproti 2a</i> Kafli 3: Tölfræði	Stærðfræði - Getur skráð í og lesið úr súluritum. - Getur safnað og flokkað eftir eiginleikum.

Allt skólaárið	Skimanir • Lesfimi • 20 orðin (stafsetning) • Orðleysulestur og sjónrænn orðaforði (fyrir þá sem þurfa)	Íslenska • Getur fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim. • Les skýrt og áheyrliga. • Getur valið sér bækur eftir áhuga og skoðað þær eða lesið sér til ánægju og fróðleiks. Stærðfræði • Ræðir um stærðfræði og útskýrir lausnaleyðir. • Leysir einföld dæmi með hugarreikningi.
	Jákvæður agi/lífsleikni	Ýmis verkefni úr verkfærakistu Vöndu og handbók um jákvæðan aga
	Enska Efni sem unnið er með er hefti útbúið af kennara með efni frá MMS, leikir, Kahoot, áhorf, hlustun, söngur og fleiri fjölbreytt verkefni.	Enska • Hefur unnið með hugtök tengd líkamanum. • Hefur unnið með tölurnar upp í 20, tugi og hundruð. • Hefur unnið með fjölskylduheiti. • Hefur unnið með hugtök um dýr. • Hefur unnið með litina.